542. fundur

Lagt fyrir fund velferðarráðs 4. nóvember 2026

Tillaga fulltrúa Vinstrisins um úttekt á áhrifum breytinga á máltíðaþjónustu

Lagt er til að velferðarráð feli velferðarsviði að vinna úttekt á áhrifum nýlegra breytinga á Vitatorgi á þá sem hafa nýtt sér máltíðaþjónustuna. Sér í lagi áhrif; verðhækkana, lokana um helgar og matargæða.

Í úttektinni verði leitast við að svara eftirfarandi spurningum:
Eru verðhækkanir frá 1. sept útilokandi fyrir einhverja sem áður nýttu sér þjónustuna?
Eru til samanburðartölur um fjölda keyptra máltíða fyrir og eftir gjaldskrárbreytingu?
Hver er fjöldi þeirra sem hafa sótt um lægra gjaldið?
Hafa borist kvartanir vegna rafræns umsóknarferlis fyrir lægri gjaldtöku?
Hefur útvistun til þriðja aðila orðið til lakari gæða og ónógs matar að mati neytenda?
Lagt er til að gerð verði neytendakönnun.

Greinargerð:

Fram kemur í bréfi frá Íbúasamtökum miðborgar Reykjavíkur að eldri borgarar hafa leitað til þeirra með áhyggjur sínar af eigin velferð þar sem breytingarnar hafi neikvæð áhrif á fjárhag, félagslíf og andlega- sem og líkamlega heilsu þeirra auk þess sem þeir telja að gæðum matarins hafi hrakað. Ennfremur kemur fram að einhverjum sé meinað að sækja sér mat á staðinn og muni einangrast félagslega þegar þeir geti ekki lengur brotið upp hversdaginn með því að sækja sér samveru og næringu út fyrir veggi heimilisins sem eins og gefur að skilja getur orðið samfélaginu mun kostnaðarsamara þegar upp er staðið.